

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1230/2021 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Lágmarksgjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við kostnað við hirðingu og umsýslu á hverja grunneiningu:

Ílát og tegund úrgangs:

240 l grátunna - blandaður heimilisúrgangur	37.600 kr.
140 l brúntunna - lífrænn heimilisúrgangur	10.100 kr.
240 l græntunna - pappi og pappír	10.100 kr.
240 l blátunna - plast	6.300 kr.

Aðrar stærðir íláta:

660 l almenn	94.950 kr. á ári
660 l pappír	14.770 kr. á ári
660 l plast	14.770 kr. á ári

Ef óskað er eftir viðbótaríláti fyrir íbúð skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir ílát og tegund úrgangs skv. þessari grein. Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða 3.900 kr.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir rekstur safnstöðva (gámasvæðis) og fastan kostnað:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði	32.200 kr.
---------------------------------	------------

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli	32.200 kr.
Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki)	90.500 kr.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) fyrir íbúðarhúsnæði og fristundahúsnæði fá afhent „klippikort“ sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð og miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er.

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fasteignaeigendur, fyrirtæki, lögbýli og fristundahúsafélög sem og aðrir sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2.-3. gr gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöð Hrunamannahrepps. Virðisaukaskattur er innifalinn í móttökugjaldinu.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi 7.300 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn 20. nóvember 2025 og var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps við síðari umræðu 4. desember 2025. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1721/2024.

Hrunamannahreppi, 4. desember 2025.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025